

Reykjanesbær
Gunnar Kr. Ottósson, skipulagsfulltrúi
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 3. apríl 2023
Tilvísun: 202303023 / 3.5

Efni: Deiliskipulag Njarðvíkurhöfn, suðursvæði, Reykjanesbær

Reykjanesbær hefur, með erindi dags. 28. febrúar 2023, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 30. júní 2022. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 21. febrúar 2023. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir og athugasemdir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Í deiliskipulaginu felst í nýjum viðlegukanti, nýrri skipakví og landfyllingu auk annarra umferðaraðkomu frá Fitjabraut

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 13. mars 2023.

Deiliskipulagið er sett fram á tveimur kortblaðum með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, uppdrættir merktir nr. 1 og 2, dags. 9. janúar 2023, Skuggavarp-skýringarmynd merkt nr. 3 í mkv. 1:5000, dags. 9. janúar 2023 og Skýringarmynd merkt nr. 4, dags. 9. janúar 2023. Skýrsla, *hljóðmæling á vinnu við Hábrýstipvott* er í sér hefti, dags. september 2022 + telja upp önnur fylgiskjöl eftir atvikum.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar dags. 29. september 2022 um ákvörðun um matsskyldu.

Skipulagsstofnun getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins vegna eftirfarandi:

- Afla þarf umsagnar Samgöngustofu, þar sem svæðið er innan hindrunarflatar Keflavíkurflugvallar.
- Einnig þarf að afla umsagnar Landhelgisgæslunnar þar sem í ákvæðum aðalskipulags varðandi takmarkanir á landnotkun segir m.a. að Sveitarfélögin Suðurnesjabær og Reykjanesbær skulu hafa samráð við Landhelgisgæsluna áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru hærri en 45,42 m.y.s. og fara því yfir sjónlínu ratsjárstöðvarinnar.
- Gera þarf með skýrum hætti grein fyrir þeim byggingum sem heimilt er að fjarlægja á deiliskipulagsuppdrætti, eftir því sem við á.
- Gera þarf betur grein hvernig brugðist var við þeim athugasemdum sem bárust á kynningartíma, ekki aðeins vegna hljóðvista.

Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir